

Fundargerð 387

Mánudaginn 26. september 2011, kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason formaður, Ásta Dís Óladóttir varaformaður (í síma við dagskrárliði 1-3), Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Anna Lea Gestsdóttir (við dagskrárlið 3), Pétur Grétarsson (við dagskrárlið 1-3), Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Guðmundur R. Gíslason, boðaði forföll. Varamaður hans hafði ekki tók á því að mæta.

Formaður setti fund kl. 11:39, og bauð fundarmenn velkomna. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Útlánasafn Byggðastofnunar – kynning og staða.
3. Fundargerð lánanefndar.
 - a. ...
4. Staða Byggðastofnunar í nýskipan stjórnarsýslu og byggðamála.
5. Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar – tillögur varðandi núverandi efnahagsreikning.
6. Endurskoðunarnefnd – nýr fulltrúi.
7. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

Ákveðið að breyta starfsreglum stjórnar þannig að stjórnarmenn og fyrirtæki sem stjórnarmenn eru í forsvari fyrir, skuli ekki sækja um lán til stofnunarinnar á meðan þeir sitja í stjórn Byggðastofnunar.

2. Útlánasafn Byggðastofnunar – kynning og staða.

AP og PG fóru yfir stærstu útlán stofnunarinnar. Farið var yfir töpuð útlán árána 2008-2011, framlög í afskriftarreikning á sama tímabili og kostnað stofnunarinnar vegna bankahrunsins, gengisfalls krónunnar og samkomulags um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Beinu brautarinnar). Þá var farið yfir stærstu lánveitingar stofnunarinnar og stærstu áhættumálin.

Óskað var eftir nánari nánari greiningu á útlánasafninu eftir áhættu og innlausn eigna.

3. Fundargerð lánanefndar.

Fundargerð lánanefndar nr. 11/11, 15. september 2011.

AP og ALG fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerðin staðfest.

ÁDÓ, ALG og PG viku af fundi.

4. Staða Byggðastofnunar í nýskipan stjórnslu og byggðamála.

AP fór yfir minnisblað um stöðu Byggðastofnunar í nýskipan stjórnslu og byggðamála. Þá var farið yfir verkefni um eflingu stoðkerfis atvinnulífsins sem Byggðastofnun, Ferðamálastofa og Nýsköpunarmiðstöð Íslands taka þátt í undir forystu iðnaðarráðuneytisins. Markmið þess er að auka samvinnu stofnana ráðuneytisins. SBS fór yfir stofnskjal verkefnisins.

Samþykkt að stjórn taki afstöðu til þessara mála í tengslum við mótun starfsáætlunar stofnunarinnar fyrir árið 2012. Formaður mun leggja fram minnisblað um þetta efni fyrir næsta fund.

5. Skýrsla nefndar um endurskoðun á lánastarfsemi Byggðastofnunar – tillögur varðandi núverandi efnahagsreikning.

GSV hafði inngang og fór yfir tillögur nefndarinnar.

AP fór yfir minnisblað sem tekið var saman af stjórnendum þar sem farið var yfir þær tillögur sem komu fram um efnahagsreikning stofnunarinnar.

Ákveðið að forstjóri skoði áfram þá tillögu að stofna nýtt félag utan um fullnustueignir stofnunarinnar og ræði formlega við Íbúðalánasjóð til að skoða hvort þar sé samlegð og komi með tillögur um næstu skref.

Samþykkt að láta fara fram mat óháðs aðila á hlutabréfasafni stofnunarinnar.

6. Endurskoðunarnefnd – nýr fulltrúi.

Af hálfu stjórnar Byggðastofnunar sat fyrirverandi formaður stjórnar í endurskoðunarnefnd stofnunarinnar. Því þarf að tilnefna nýjan fulltrúa. AP leggur til að formaður stjórnar Byggðastofnunar, Þóroddur Bjarnason taki sæti í nefndinni.

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál.

Eyrarrósín.

AÐ lagði til að formaður stjórnar taki sæti fulltrúa Byggðastofnunar auk forstjóra í dómnefnd vegna Eyrarrósarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Sala hlutafjár í Gjöll ehf.

Byggðastofnun er eigandi 22% hlutar í fyrirtækinu Gjöll ehf. á Hornafirði. Eignarhlutinn er tilkominn vegna fjárfestingar í kvikmyndinni „Beowulf & Grendel“ árið 2004. Á aðalfundi Gjallar ehf. 2010 var ákveðið að afskrifa einu eign félagsins, hlutdeild í fjárfestingasamningi við gerð kvikmyndarinnar, og færa þar með hlutaféð niður í 500 þúsund krónur. Starfsemi félagsins er engin. Á hluthafafundi í félaginu þann 1. september sl. var samþykkt tillaga félagsstjórnar um að selja félagið Frumkvöðlasetri Austurlands ehf. á eina krónu, með fyrirvara um samþykki stjórnar Byggðastofnunar og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Samþykkt samhljóða.

Umsókn um styrk vegna kortlagningu ferðaþjónustutækifæra.

Ferðamálastofa óskar með bréfi dagsettu 20. september 2011, eftir styrk frá Byggðastofnun vegna vinnu við greiningu á og kortlagningu tækifæra fyrir ferðaþjónustuna um allt land.

Málinu frestað. Ákveðið að lagðar verði fram tillögur um fyrirkomulag styrkúthlutana á næsta fundi stjórnar.

Varamenn.

Lagt var til að að einn fundur stjórnar verði fjölskipaður, þar sem varamönnum verður boðið.

Næsti fundur stjórnar.

Næsti fundur verður haldinn 4. nóvember nk. á Austfjörðum. Nánar verður gerð grein fyrir dagskrá fundarins þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:38

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____